	Hafnarfjarðarbær
Innk:	5/8 2015
Málsnr:	1508021
Bréfal:	370



Til þjónustusvæða/sveitarfélaga  
vegna málefna fatlaðs fólks

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Sölvhólsgrötu 7 150 Reykjavík  
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340  
postur@irr.is irr.is

Reykjavík 15. júlí 2015

Tilv.: IRR15050057/21.2

Ný reglugerð um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2015 er send þjónustusvæðum um málefni fatlaðs fólks til kynningar. Reglugerðin er sett á grundvelli 13. gr. a. í lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum og gilda ákvæði hennar frá 1. janúar til 31. desember 2015. Reglugerðin sem er númer 631/2015 var birt í Stjórnartíðindum 10. júlí sl.

Helstu breytingar sem fram koma í nýrri reglugerð, umfram uppfærslu á ártölum, eru sem hér segir:

- Í 2. mgr. I. hluta 3. greinar reglugerðarinnar er gerð grein fyrir tímasetningu á endurreikningi á framlögum ársins.
- Í 3. tölulið 5. mgr. II. hluta 3. greinar reglugerðarinnar kemur fram að fram fari söfnun upplýsinga um einstaklinga í þjónustu með viðbótarkostnað á árinu 2015 sem samsvarar kostnaði að fjárhæð 4,4 m.kr.
- Í 4. tölulið 5. mgr. II. hluta 3. greinar reglugerðarinnar kemur fram nýtt ákvæði um að á árinu 2015 skuli framkvæma samræmt mat á stuðningsþörf fatlaðra barna á aldrinum 6 -18 ára ásamt mati á stuðningsþörf fullorðinna vegna nýliðunar.
- Í síðari málslíð 1. mgr. 4. greinar reglugerðarinnar kemur fram nýtt ákvæði er heimilar að við útreikning og úthlutun sérstakra viðbótarframlaga sé tekið tillit til íþyngjandi kostnaðar þjónustusvæða vegna sérstakra aðstæðna svo sem vegna mikilla fjarlægða innan þjónustusvæða.


Fyrir liggur að sérstakt viðbótarframlag á árinu 2015 muni nema 175,0 m.kr.

Á fundi ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 29. júní sl. samþykkti nefndin að leggja til að vinna við nýja reglugerð um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk hæfist strax í september nk. með aðkomu Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Í bréfi, sem einnig er dagsett í dag þ.e. 15. júlí 2015, er gerð grein fyrir útreikningi og niðurstöðu þriðju áætlunar um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2015, sem birt var á vef sjóðsins 26. júní sl.

Fyrir hönd ráðherra

  
Elín Pálsdóttir

  
Guðni Geir Einarsson

Fylgiskj.: Reglugerð um framlög vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2015.

## REGLUGERÐ

### um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2015.

#### 1. gr.

##### *Tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk.*

Tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2015 nema 0,99% af álagningarstofni útsvars það ár, auk framlaga úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, vegna sölu og leigu eigna sem nýttar eru í þjónustu við fatlað fólk. Skulu tekjurnar renna í sérstaka deild innan Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Við skil á staðgreiðslu útsvars samkvæmt lögum nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda skulu Jöfnunarsjóði gerð skil á sínum hluta, sbr. 1. mgr. Fjárýsla ríkisins skal sjá um útreikning á tekjum þessum og skipta innheimtri staðgreiðslu hvers mánaðar milli ríkis, sveitarfélaga og Jöfnunarsjóðs. Tekjur sjóðsins skulu reiknaðar af þeim stofni sem staðgreiðsla hvers mánaðar er greidd af.

Ennfremur skal Fjárýsla ríkisins við álagningu sjá um útreikning á hlutdeild Jöfnunarsjóðs í útsvari af þeim tekjum sem skattlagðar eru eftir á. Fjárýsla ríkisins skal, í uppgjöri staðgreiðslu sveitarfélaga við álagningu útsvars, að höfðu samráði við Samband Íslenskra sveitarfélaga, taka tillit til hlutdeildar Jöfnunarsjóðs og gera sjóðnum skil á henni.

Til viðbótar þeim tekjum Jöfnunarsjóðs á árinu 2015, sem tilgreindar eru í 1. mgr., eru til ráðstöfunar á árinu óráðstöfuð framlög frá fyrra ári vegna NPA (notendastýrðar persónulegrar aðstoðar).

#### 2. gr.

##### *Framlög.*

Jöfnunarframlög vegna þjónustu við fatlað fólk skiptast á árinu 2015 í: Almenn framlög til þjónustusvæða og sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk, framlög vegna notendastýrðar persónulegrar aðstoðar (NPA), framlög vegna breytingakostnaðar, framlög í Fasteignasjóð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga svo og sérstök viðbótarframlög.

Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk eru óháð öðrum framlögum sjóðsins.

Jöfnunarsjóður sendir sveitarfélögum upplýsingar um áætluð framlög ársins 2015 og greiðsludreifingu þeirra eftir því sem við verður komið. Framlög skulu greidd mánaðarlega. Framlög skulu endurskoðuð innan ársins í samræmi við breytingar á áætluðum tekjum sjóðsins, sbr. 1. gr. og á grundvelli nýrra upplýsinga frá þjónustusvæðum/sveitarfélögum.

#### 3. gr.

##### *Almenn framlög vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2015.*

##### *I. hluti: Skipting ráðstöfunarfjármagns.*

Áætluðum ráðstöfunartekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2015, að frádregnum framlögum sem veitt eru til miðlægra verkefna er tengjast yfirfærslunni, framlagi í Fasteignasjóð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og sérstökum viðbótarframlögum, skal skipta milli sveitarfélaga sem mynda þjónustusvæði, sbr. lög nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks, eða einstakra sveitarfélaga með eftirfarandi hætti, sbr. samkomulag ríkis og sveitarfélaga um yfirfærslu mála-flokksins frá 23. nóvember 2010:

- a. 80% skiptast hlutfallslega miðað við niðurstöðu mælinga á útgjaldapörf, sbr. II. hluta þessarar greinar.
  - b. 20% skiptast hlutfallslega miðað við áætlaðan útsvarsstofn sveitarfélaga 2015.
- Áætluð framlög ársins 2015 skal endurreikna sem hér segir:

Í janúar 2015 á grundvelli framlaga ársins 2014 að teknu tilliti til endanlegs álagningarstofns útsvars á árinu 2013 og endurskoðaðrar áætlunar um útsvarstekjur sveitarfélaga á árinu 2015.

Í maí 2015 á grundvelli viðbótarupplýsinga frá þjónustusvæðum/sveitarfélögum, sbr. 1. lið 5. mgr. II. hluta og að teknu tilliti til niðurstöðu endurmats á stuðningsþörf á árinu 2014.

Í nóvember 2015, sbr. 2., 3. og 4. lið 5. mgr. II. hluta.

Við greiðslu framlaga á árinu 2015 fer jafnframt fram leiðrétting framlaga ársins 2013 á grundvelli endanlegs álagningarstofns útsvars 2013.

Útreiknuð framlög ársins 2015 skal leiðrétta þegar endanlegur álagningarstofn útsvars ársins 2015 liggur fyrir. Upplýsingar um leiðréttingu skulu liggja fyrir eigi síðar en 31. desember 2016 og skal leiðrétting framlaga til hvers þjónustusvæðis eða sveitarfélags koma til frádráttar/viðbótar almennum framlögum Jöfnunarsjóðs vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2017. Reynist áætlun ársins 2017 lægri en frádráttur vegna ársins 2015 er heimilt að innheimta mismuninn af öðrum framlögum Jöfnunarsjóðs.

## II. hluti: Mæling á útgjaldþörf.

Við mælingu á útgjaldþörf vegna þjónustu við fatlað fólk, sbr. a-lið 1. mgr. I. hluta, skal byggt á þeim upplýsingum um kostnað og stuðningsþörf einstaklinga í sérhæfðri þjónustu sem lagðar voru til grundvallar við útreikning framlaga á árinu 2014.

Við mælinguna skal greina fylgni flokka stuðningsþarfar, sbr. 7. gr., og kostnaðar á einstakling til að ákvarða viðmiðunarfjárhæð fyrir hvern flokk stuðningsþarfar. Ef ekki liggur fyrir mat á stuðningsþörf er heimilt að reikna gildi sem samsvarar flokkum matsins á grundvelli eldra mats. Heimilt er að reikna álag á ákveðna flokka á grundvelli sérstakrar stuðningsþarfar vegna hegðunar. Ennfremur er heimilt að reikna álag vegna einstaklinga með óvenjulega samsetningu stuðningsþarfar.

Útgjaldþörf skal mæld með eftirfarandi aðferðum:

- a. Reikna skal útgjaldþörf á grundvelli viðmiðunarfjárhæða fyrir hvern flokk stuðningsþarfar vegna allra einstaklinga sem falla í 4. flokk samræmds mats á þjónustuþörf eða ofar.
- b. Þrátt fyrir ákvæði a-liðar skal reikna útgjaldþörf vegna einstaklinga í flokki 4 og ofar á grundvelli raunkostnaðar, ef raunkostnaður og áætlaður viðbótarkostnaður vegna ársins 2015 er lægri en 33% af einingakostnaði viðkomandi flokks. Ekki reiknast útgjaldþörf vegna fasteignakostnaðar, sbr. d-lið vegna einstaklinga sem falla undir þetta ákvæði.
- c. Reikna skal útgjaldþörf vegna barna sem ekki hafa mat á þjónustuþörf á grundvelli raunkostnaðar sé hann jafn hár eða hærri en einingakostnaður 4. flokks.
- d. Reikna skal útgjaldþörf vegna fasteignakostnaðar fyrir alla einstaklinga sem falla í 5. flokk matsins eða ofar og er hann innifalinn í einingakostnaði viðkomandi flokka.
- e. Reikna skal útgjaldþörf vegna áætlaðs viðbótarkostnaðar árið 2015 vegna einstaklinga sem ekki hafa mat á þjónustuþörf og skal útreikningur fara fram þegar kostnaður samsvarar einingakostnaði 4. flokks.
- f. Reikna skal sérstakt álag á samtölu liða a-e vegna útgjalda við umsýslu fjármála, starfsmannamála og annarra skyldra rekstrarverkefna.
- g. Reikna skal sérstakt álag á samtölu liða a-e vegna útgjalda af ráðgjöf og samhæfingu þjónustu.
- h. Samtala liða a-g myndar grunn að hlutfallslegri skiptingu fjármuna á grundvelli mældrar útgjaldaþarfar, sbr. a-lið 1. mgr. I. hluta þessarar greinar.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga skal senda þjónustusvæðum/sveitarfélögum gögn sem sýna kostnað skv. hverjum flokki matsins sem og upplýsingar um niðurstöður útreikninga einstakra þátta framlagsins.

Við mælingu á útgjaldþörf skv. framangreindu vegna úthlutunar framlaga árið 2015 skal jafnframt taka tillit til eftirfarandi þátta á grundvelli viðbótarupplýsinga frá sveitarfélögum:

1. Uppfæra skal upplýsingar um lögheimili einstaklinga í þjónustu með tilliti til flutnings þeirra milli þjónustusvæða/sveitarfélaga. Við útreikning framlaga 2015 skal miðað við lögheimili einstaklings 1. janúar 2015.

2. Framkvæma skal samræmt mat á þjónustubörf einstaklinga sem ekki höfðu náð 18 ára aldri við útreikning framlaganna árið 2014 en hafa náð 18 ára aldri 1. janúar 2015 sé raunkostnaður jafn hár eða hærri en einingakostnaður 4. flokks.
3. Ennfremur skal safna upplýsingum um einstaklinga í þjónustu með viðbótarkostnaði á árinu 2015 sem samsvarar kostnaði að fjárhæð 4,4 m.kr.
4. Framkvæma skal á árinu samræmt mat á stuðningsþörf fatlaðra barna á aldrinum 6-18 ára ásamt mati á stuðningsþörf fullorðinna vegna nýliðunar.

Þegar um tímabundna búferlaflutninga einstaklinga í þjónustu er að ræða, er þjónustusvæðum heimilt að semja sín á milli um að framlög Jöfnunarsjóðs vegna þeirra einstaklinga, skv. III. hluta, flytjist milli þjónustusvæða enda þótt lögheimili viðkomandi haldist óbreytt. Slíkir samningar hafa ekki áhrif á jöfnunarframlög samkvæmt þessari reglugerð. Samband íslenskra sveitarfélaga getur gefið út leiðbeinandi viðmið um samninga sem þjónustusvæði gera sín á milli.

### III. hluti: Útreikningur framlaga.

Framlög til einstakra þjónustusvæða eða sveitarfélaga skulu reiknuð út sem hér segir:

1. Þegar niðurstaða liggur fyrir skv. a- og b-lið í 1. mgr. I. hluta, skal á grunni áætlaðs útsvarsstofns ársins 2015 reikna út útsvarstekjur sem samsvara 0,25% af útsvarsstofni og sem renna skulu beint til þjónustu við fatlaða innan viðkomandi þjónustusvæðis, sbr. bráðabirgðákvæði XII við lög nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.
2. Finna skal mismun mældrar heildarútgjaldaþarfar hvers þjónustusvæðis/sveitarfélags skv. II. hluta og áætlaðra útsvarstekna skv. tölulið 1.
3. Sé mæld útgjaldaþörf sveitarfélaga, sem mynda þjónustusvæði, hærri en sem nemur 0,25% hlutdeild þeirra í útsvarsstofni er mismunurinn greiddur sem almenn framlög vegna þjónustu við fatlað fólk.

Almenn framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2015 skulu nema sömu fjárhæð og áætlaðar heildartekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að frádregnum framlögum sem veitt eru til miðlægra verkefna er tengjast yfirfærslunni, framlögum í Fasteignasjóð og sérstökum viðbótarframlögum.

#### 4. gr.

##### Sérstök viðbótarframlög.

Heimilt er að greiða sérstök viðbótarframlög til þjónustusvæða/sveitarfélaga, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, til að koma til móts við þau þjónustusvæði/sveitarfélög þar sem um verulega þyngjandi kostnað er að ræða við rekstur málaflokksins á árinu 2015 umfram tekjur. Við útreikning og úthlutun sérstakra viðbótarframlaga á árinu 2015 er heimilt að taka tillit til þyngjandi kostnaðar þjónustusvæða vegna sérstakra aðstæðna, svo sem vegna mikilla fjarlægða innan þjónustusvæða. Ráðgjafarnefnd setur verklagsreglur þar um.

Við áætlanagerð almennra framlaga fyrir árið 2015, sbr. 3. gr., skal jafnframt liggja fyrir tillaga ráðgjafarnefndar sjóðsins um áætlað ráðstöfunarfjármagn til greiðslu viðbótarframlaga á árinu.

Viðkomandi þjónustusvæðum/sveitarfélögum ber að sækja um sérstakt viðbótarframlag eigi síðar en 1. nóvember 2015. Forsenda fyrir úthlutun framlags er að með umsókn fylgi ítarleg greinargerð þar sem færð eru rök fyrir þörf þjónustusvæðis/sveitarfélags á sérstöku viðbótarframlagi á árinu.

#### 5. gr.

##### Framlög vegna breytingakostnaðar.

Á árinu 2015 greiðir Jöfnunarsjóður sveitarfélaga framlag vegna breytingakostnaðar til Sambands íslenskra sveitarfélaga sem nemur 0,14% af tekjum sjóðsins í forni 0,99% hlutdeildar í útsvarsstofni, sbr. 1. gr., vegna kostnaðar Sambandsins við verkefni er tengjast þjónustu sveitarfélaga við fatlað fólk á árinu.

Með framlögum vegna breytingakostnaðar er að öðru leyti heimilt að greiða eftirfarandi kostnað vegna:

- a. Starfa samráðsnefndar um málefni fatlaðs fólks.

- b. Mats á faglegum og fjárhagslegum árangri tilfærslunnar.
- c. Vinnu að bættu eftirliti með þjónustu við fatlað fólk.
- d. Upplýsingasöfnun, greiningar og ráðgjafar.
- e. Samræmds mats á stuðningsþörf á landsvísu.
- f. Útfærslu jöfnunaraðgerða og fasteignamála.

Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga gerir tillögu til ráðherra um úthlutun framlaga á grundvelli a- til f-liða.

6. gr.

*Framlög vegna notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar (NPA).*

Við tillögugerð ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að úthlutun framlaga til NPA skal taka mið af áætlun verkefnisstjórnar NPA.

7. gr.

*Mat á stuðningsþörf.*

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hefur forgöngu um samræmt mat á stuðningsþörf á landsvísu, semur við matsaðila um framkvæmd matsins og ber kostnað af því. Heimilt er að ákveða að greiðsla kostnaðar takmarkist við mat á tilteknum fjölda einstaklinga.

Þjónustusvæði/sveitarfélög fela matsaðila, skv. 1. mgr. framkvæmd matsins á grundvelli ákvæða laga um málefni fatlaðs fólks og er Jöfnunarsjóði sveitarfélaga heimilt að krefja matsaðila, þjónustusvæði/sveitarfélög um niðurstöður slíks mats.

Jöfnunarsjóður setur verklagsreglur um mat á stuðningsþörf, sem m.a. kveða á um hlutverk og verkefni einstakra aðila sem koma að matsferlinu. Heimilt er að skipa sérstaka ráðgefandi vinnuhópa til að fjalla um álitaeftni varðandi niðurstöður matsins. Álit slíkra hópa fela ekki í sér stjórnvalds-ákvarðanir.

8. gr.

*Staðfesting.*

Tillögur ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um úthlutanir framlaga á grundvelli þessarar reglugerðar skulu hljóta staðfestingu ráðherra. Við setningu verklagsreglna skal hafa samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga.

9. gr.

*Gildistaka og endurskoðun.*

Reglugerð þessi er sett á grundvelli 13. gr. a. í lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum og gilda ákvæði hennar frá 1. janúar 2015. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2014 nr. 242/2014.

*Innanríkisráðuneytinu, 6. júlí 2015.*

Ólöf Nordal.

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*